



SAMFÉS, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi
Aðalstræti 2
101 Reykjavík

Efni: Umsögn vegna þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs
Þskj.35-35. mál

Samfés fagnar þessari þingsályktun og þeirri sýn sem hún gefur á mikilvægi félagslegs forvarnastarfs. Starfsemi félagsmiðstöðvanna skipar veigamikinn þátt í félagslegum forvörnum líkt og fram kemur í greinargerðinni sem fylgir ályktuninni.

Félagsmiðstöðvar verða sífellt mikilvægari í nútímapjóðfélagi. Í dag eru 87 félagsmiðstöðvar starfandi vítt og breitt um landið. SAMFÉS reynir af fremsta megni að styrkja tengslanet þeirra og þann faglega grunn sem starfsemin byggir á.

Samþykkt á þingsályktuninni myndi veita SAMFÉS aukin tækifæri til þróunar á verkefnum á sviði forvarna. SAMFÉS hefur notið velvilja Áfengis- og vímuvarnaráðs í styrkjaúthlutun til verkefna. Miðað við þær umsóknir sem koma árlega í Vímuvarnasjóð er ljóst að fjármagnidugar engan vegin til. Aukið fjármagn sem sérstaklega er eyrnamerkt félagslegum forvörnum myndi skila enn öflugra forvarnastarfi í grasrótarvinnunni með börnum og unglíngum.

Rammaáætlun ríkisstjórnar

Erlendar og innlendar rannsóknir gefa ótvíræða vísbendingu um mikilvægi félagsstarfs í forvarnaskyni. Félagsmiðstöðvastarf er markvisst uppeldisstarf með ríkum forvarnagildum. Samþykkt þingsályktunarinnar frá Alþingi fæli í sér ákveðna viðurkenningu á gildi félagslegs forvarnastarfs í félagsmiðstöðvum. Slík viðurkenning hefur mikið að segja fyrir starfsfólk og börn/ unglíngum/ ungt fólk í félagsmiðstöðvunum.

Úttekt á félagsstarfi í einstökum sveitarfélögum

Mikilvægt er að tilgreina aðferðafræði úttektarinnar þannig að samanburður verði raunhæfur. Taka þarf alla þætti inn í úttektina eins og lög/reglugerðir um starfsemina, þátttöku, fjármagn (rekstarfé/styrki frá ríki/sveitarfélögum og sjálfaflafé) og uppbyggingu á faglegu starfi s.s aldur starfsmanna, menntun og stefnumörkun.

Mikilvægt er að í tillögugerðinni um mælingu á árangri átaksins verði samstarf og uppbygging á forvarnaneti innan sveitarfélaga fundinn veglegur samastaður í markmiðslýsingum.



Fjármagn til átaksins

Þegar gerð er tillaga til nánari ákvæða í lög nr. 18/2003 þarf að koma skýrt fram til hvers konar verkefna fjármagnið er ætlað. Mikilvægt að ekki sé úthlutað til reksturs meðferðarúrræða heldur komi fjármagnið til úthlutunar í verkefni þar sem verið er að vinna með börn og unglunga í 1. og 2. stigs forvörnum innan sveitarfélaga (félagsmiðstöðvar, skólar) og frjálsra félagasamtaka. Setja þarf skýrar starfs- og úthlutunarreglur.

Mat á árangri

Áætlunin til næstu 5 ára verður að vera sett fram á skýran hátt með mælanlegum markmiðum. Verkefnaáætlanir þeirra verkefna sem njóta styrkja eiga að vera aðgengilegar á netinu þannig að aðrir geti nýtt sér hugmyndirnar. Mat á árangri verkefna og á áttakinu í heild sinni á einnig að vera sett fram á netinu eða í gefið út.

Það er ánægjulegt ef Alþingi samþykkir tillögu um eflingu félagslegs forvarnastarf því það er staðreynd að fjármagn sem veitt er með markvissum hætti beint í starf með börnum, unglungum og ungu fólki er að skila "forvarnahagnaði" til þjóðfélagsins.

Fyrir hönd SAMFÉS

G. Linda Udengård
Formaður SAMFÉS